

Vatnið okkar og stjórn vatnamála

Á Íslandi eigum við mikið og gott vatn og flestir búa við sjó, ár eða vötn. Árið 2007 var ákveðið að taka upp rammatilskipun Evrópusambandsins um verndun vatns (vatnatilskipun 2000/60/EB) með þingsályktun. Vatnatilskipunin var síðan innleidd með nýjum lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Í lögum um stjórn vatnamála nær vatn yfir straumvötn, stöðuvötn, árósa, strandsjó, grunnvatn og jökla. Vatnið er eitt af grunnþörfum okkar, við notum það inni á heimilum, við ýmiskonar iðnað og framleiðslu s.s. ræktun landbúnað og fiskiðnað, og til rafmagnsframleiðslu (vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir). Auk þess nýtum við að stórum hluta ár, stöðuvötn og fjörur til útivistar og ferðamennsku og ekki má gleyma drykkjarvatninu góða.

Hvernig er ástand vatns hér á landi?

Stór hluti vatns hér á landi er í góðu ástandi, ómengað og lítt raskað. Á nokkrum stöðum, s.s. við þéttbýli, nálægt iðn- og framleiðslufyrirtækjum og við vatnsaflsvirkjanir, er hugsanlegt að ástand vatns sé þó ekki ásættanlegt. Má þar helst nefna áhrif vegna skólps, mengaðs frárennslisvatns og breytinga á árfarvegum og rennsli straumvatns. Þrátt fyrir almennt gott ástand vatns er því full ástæða til að standa vörð um vatnið okkar til framtíðar. Viðkvæm vatnavistkerfi þola illa álag af mannavöldum í langan tíma. Álag vegna mengunar og rasks getur leitt til minnkandi líffræðilegs fjölbreytileika og röskunar á vistkerfum s.s. minni fiskgengd, og minni vatnsgæða.

Nýtt stjórnkerfi vatnamála

Hafin er vinna við stjórn vatnamála hér á landi og í því sambandi hefur Ísland verið skipt upp í 4 vatnasvæði. Vatnastjórnun er samvinnuverkefni stjórnvalda, stofnana, ráðgjafa, sveitarfélaga, heilbrigðisnefnda náttúruverndar- eða umhverfisnefnda, hagsmunaaðila og almennings sem vinna eiga saman í vatnasvæðisnefnd á hverju vatnasvæði (sjá nánar í kafla um vatnasvæðisnefndir á næstu síðu).

Umhverfisstofnun hefur umsjón með vatnasvæðisnefndum. Einnig munu sérfræðingar á sviði ferskvatns og sjávar vinna sérhæfð verkefni í stjórn vatnamála.

Innleiðingartímabil hins nýja stjórnkerfis vatnamála nær yfir árin 2011-2015. Meðal verkefna þess er að greina umhverfisvandamál, leggja mat á álag á vatn og hvaða áhrif álags, kortleggja ástand vatns, að setja fram umhverfismarkmið um að bæta eða viðhalda ástandi vatns, meta hvað þurfi að gera svo að markmiðin náist (aðgerðaráætlun) og hvar og hvenær vakta eigi vatn (vöktunaráætlun). Um þessa þætti verður fjallað í vatnaáætlun fyrir landið í heild, byggðri á vinnu vatnasvæðisnefnda og ráðgjafa. Umhverfisstofnun mun útbúa tillögu að vatnaáætlun undir umsjón vatnaráðs sem skipað var um mitt ár 2011.

Mikilvægt er að sem flestir taki þátt í þessari vinnu, ekki síst hagsmunaaðilar og almenningur. Þannig starfi


allir sem nota vatn eða valda álagi á vatn saman og beri ábyrgð í heilsteyptri vatnastjórnun, þvert á sveitarfélagsmörk.

Því er mikilvægt að mat á umhverfisvandamálum, álagi á vatn og aðgerðagreining fari fram innan sveitarfélaga og með þátttöku almennings.

Hvað fellst í heilsteyptri vatnastjórnun?

Vatnastjórnun skal vera heildræn og samræmd og taka mið af athöfnum og starfsemi þar sem vatn er notað og sem er líkleg til að hafa áhrif á vatn.

Markmiðið með vatnastjórnun er að vatnsnotkun sé sjálfbær, að þolmörk náttúrunnar séu höfð að leiðarljósi í allri vatnsnotkun. Fara skal í aðgerðir til að bæta ástand vatns eða viðhalda ástandi þess þó með þeim fyrirvara að aðgerðirnar m.a. rýri ekki hag íbúa og kosti ekki óhóflega mikið (sjá 18 gr. laga um stjórn vatnamála).



Íslandi er skipt upp í fjögur vatnasvæði (afmörkuð með rauðum línun; kortagrunnur: Landmælingar Íslands).

Vatn rennur sína leið óháð mörkun sveitarfélaga

Á leið sinni til okkar í vatnskrannann, í stöðuvatn eða til sjávar, rennur vatn yfir mörk sveitarfélaga. Því er mikilvægt í heilsteyptri vatnastjórnun að samstarf milli sveitarfélaga innan hvers vatnasvæðis náist þvert á slík mörk. Vatnið myndar samfellt kerfi frá fjalli til fjöru og þannig er mikilvægt að skoða vatnasvið t.d. áar í heild sinni. Vatnasvæðisnefnd er vettvangur til þess að tryggja samvinnu sveitarfélaga innan vatnasvæðis.

Sveitarfélögin eru lykillinn að árangri

Sveitarfélögin eru í lykilstöðu til að koma á heilsteyptri og samræmdri vatnastjórnun þar sem allir aðilar bera ábyrgð svo að markmið um gott vatnaumhverfi náist innan alls vatnasvæðisins.

Sveitarfélögin

- hafa beinan og náinn aðgang að almenningi og gegna því mikilvægu hlutverki í að virkja og hvetja íbúa til þátttöku,
- hafa aðgang að upplýsingum um álag á vatn og óæskileg áhrif á vatn,
- eru í góðri aðstöðu til að setja umhverfismarkmið og fara út í aðgerðir svo vernda eða bæta megi vatnaumhverfi,
- veita leyfi fyrir starfsemi sem getur haft óæskileg áhrif á vatn, s.s. vatnsaflsvirkjunum, fráveitukerfum, hafnarstarfsemi, mengandi starfsemi og landnotkun, og geta því haft aðhald og séð til þess að besta tækni sé notuð,
- bera ábyrgð á skipulagningu allrar uppbyggingar og landnotkunar og veita íbúum þjónustu sem gæti haft neikvæð áhrif á vatnaumhverfi, s.s. neysluvatn, hreinsun skólps og veitingu þess í viðtaka.

Vatnasvæðisnefndir

Hlutverk sveitarfélaga, heilbrigðiseftirlita, náttúruverndar- eða umhverfisnefnda á hverju vatnasvæði er að vera Umhverfisstofnun til aðstoðar við gerð tillögu að vatnaáætlun ásamt áætlun um aðgerðir og vöktun til að bæta eða viðhalda ástandi vatns. Sú vinna skal fara fram í vatnasvæðisnefnd á hverju vatnasvæði. Hlutverk vatnasvæðisnefndar er að samræma vinnu innan þess og afla nauðsynlegra upplýsinga um svæðið. Í vatnasvæðisnefnd sitja auk fulltrúa sveitarfélaga, heilbrigðisnefnda, náttúruverndar- eða umhverfisnefnda og Umhverfisstofnunar, fullrúi ráðgjafanefndar fagstofnana og eftirlitsaðila og ráðgjafanefndar hagsmunaaðila. Í ráðgjafanefnd hagsmunaaðila geta m.a. verið fulltrúar frjálsra félagasamtaka s.s. á sviði útivistar, stangveiða, ferðaþjónustu, náttúruverndar og umhverfisverndar. Hagsmunaaðilar og almenningur getur haft samband við ráðgjafanefndir eða vatnasvæðisnefndir ef þeir vilja hafa áhrif á vatnastjórnun á sínu svæði eða koma ábendingum á framfæri.

Mat á álagi á vatn, setning umhverfismarkmiða og aðgerðir

Sveitarfélög gegna stóru hlutverki í vatnasvæðisnefnd, bæði við að meta álag á vatn og greina hvaða aðgerða er þörf til að bæta eða viðhalda ástandi þess. Eftirfarandi athafnir eða starfsemi geta einkum valdið álagi og óæskilegum áhrifum á vatn:

- Vatnsveitur,
- fráveitur og losun frá byggð,
- frárennsli og losun frá landbúnaði, ýmis konar framleiðslu og annarri landnotkun,
- Vegagerð, flutningur og þverun vatns, vatnargarðar meðfram vegum,
- vatnsaflsvirkjanir og jarðvarmavirkjanir.

Vinna í vatnasvæðisnefndum mun nýtast við gerð svæðisskipulags og áætlana um nýtingu vatns (áætlunir um hvaða svæði á að nýta og hvaða svæði á að vernda/ekki raska). Mikilvægt er að kortleggja þá þekkingu sem er til staðar og hvar frekari öflun þekkingar og gagna er nauðsynleg svo að hægt sé að gera slíkar áætlunir.

Þátttaka félagasamtaka og annarra hópa fólks í vatnastjórnun, vatnasvæðisnefnd

Hagsmunaaðilar, s.s. fulltrúar frjálsra félagasamtaka og annarra hópa, hafa möguleika á að sitja fundi í vatnasvæðisnefnd eins og kom fram hér að framan. Sá vettvangur veitir þeim tækifæri til að fá upplýsingar frá stjórnvöldum á einum stað og einnig til að hafa áhrif í vatnastjórnun í sínu nærumhverfi sem það bæði þekkir vel og nýtir, s.s. komið með ábendingar um mengun vatns, haft áhrif á setningu umhverfismarkmiða og ákvarðanir um aðgerðir til að bæta eða viðhalda ástandi vatns.

Þátttaka hagsmunaaðila og almennings innan vatnasvæðisins er mikilvæg því að hann hefur gjarnan góða þekkingu á málum er tengjast vatnaumhverfi, þekkja sögu t.d. um nýtingu vatns fyrr og nú og geta miðlað upplýsingum sem nýst geta við gerð aðgerðaáætlunar fyrir vatnasvæðið. Einnig er vilja og sjónarmiðum íbúanna á svæðinu komið á framfæri sem ætti að geta hjálpað við forgangsröðun aðgerða.

Hagsmunaaðilar og almenningur getur einnig sent inn athugasemdir og ábendingar þegar vatnaáætlun verður kynnt opinberlega.

Nánari upplýsingar um vatnatilskipun ESB og stjórn vatnamála má finna á vef Umhverfisstofnunar, <http://www.ust.is/>